Slett úr klaufunum



Myndverkasmiðurinn Bragi Ásgeirsson í strikum eins frægasta real ista Danmerkur, Victor Brockdorff. Teiknað í Leipzig 8. maí á þessu ári.

Gagnrýnandinn Bragi Ásgeirsson ræðir við myndverka-smiðinn Braga Ásgeirsson

Gagnrýnandi Morgunblaðsins á fyrir höndum erfitt hlutverk er hann býr sig að heiman í fyrirhugað viðtal við myndverkasmiðinn Braga Ásgeirsson á hinni umfangsmiklu yfirlitssýningu hans að Kjarvalsstöðum sem lýkur á morgun. — Hann íklæðist skothelda vestinu því að ekki er að vita nema að orðræðurnar kunni að verða til þess að í odda skerist á milli tveggja geðríkra persóna. Hann gerir nokkrar líkamsæfingar, dregur út fimmfalt gormatæki, rang-hvolfir og blimskakar augunum, því að hvorki vill hann verða Veturliðaður né rekinn á flótta með augunum, en þessir atburðir munu mörgum í fersku minni. Reyndar er skilsmunur á því að vera óæskilegur á sýningu og að viðkomandi sé varpað á dyr líkt og atvikið milli Veturliða og Björns Th. forðum og enginn leggur á flótta undan vesældarlegu augnaráði svo sem borið var á mig í eina tíð.

Er listrýnirinn kemur á Kjarvalsstaði hittir hann fyrir myndverkasmiðinn ábúðarmikinn á brún og brá með ullartrefil um hálsinn og með pensil á lofti, því eins og hann sagði einhversstaðar: „má alltaf gera betur, mynd verður aldrei fullgerð". Listrýnirinn signir sig og hugsar til mynda í einkaeign og biður til guðs um að Bragi spari við sig orkuna og láti það ógert að krukka í þær. Hann á nefnilega nokkrar sjálfur.

Við fáum okkur sæti við borð innst í vestursal og hefjum umbúðalaust málefnalegan pataldur okkar. Listrýnirinn spyr: Og hvernig hefur svo sýningin gengið og hver var í raun réttu aðdragandi hennar?

— Sýningin hefur gengið vel í sjálfu sér eða nákvæmlega eins og ég þorði ekki fyrir mitt litla líf að vona né hugsa upphátt. Ég brasaði einungis áfram fyrir fullu eldsneyti eins og skriðdreki í orrustu, sló bankalán til hægri og vinstri og í algjörri vitfirringu. Það er nú fyrst sem ég hef farið að reikna út heildarkostnaðinn og hann reynist harla hár, svo hár, að hefði ég verið með fullu viti og lagt þetta saman fyrirfram, má slá föstu að hæpið hefði verið að ég hefði lagt út í þetta ævintýri. Endar eru að ná saman og er það í algjörri andstæðu við hrakspár ýmissa félaga minna og tel ég mig ekki einungis hafa sprengt Kjarvalsstaði varðandi myndafjölda (366) heldur og einnig sýnt og sannað, að einn maður getur gert það sem 88 manna félag (FÍM) telur sér ofviða, og listamaðurinn hummar drjúgur á svip. Annað er, að sýningin er einnig rothögg á þá meðalmennsku sem allstaðar virðist vera að búa um sig í þjóðfélaginu. Við, sem erum á miðjum aldri, verðum að gera okkur ljóst að annað hvort er að duga eða drepast, við erum af annarri kynslóð en hinir eldri sem hafa yfirleitt hirð stuðningsmanna í kringum sig. Við stöndum hins vegar flestir einir og verðum að taka upp baráttuna við meðalmennskuna sem ógnar að kæfa okkur. — Varðandi myndafjölda vil ég taka það fram að það kom mér gjörsamlega á óvart hve mikið safn mynda ég átti. Ég hafði ekki haft neinar tölur yfir þær um dagana enda á slíkur reiknifræðilegur tittlingaskítur ekki við mig og svo hef ég einnig verið mjög andvaralaus við að halda bókhald yfir það hvert myndir mínar hafa farið. Þetta gerði það einnig að verkum að hér á sýningunni eru t.d. ekki verk sem brýnna erindi áttu á hana en ýmsar er uppi hanga, en nú skulu verða þáttaskil og ég hef fullan hug á að halda skrá yfir myndir mínar framvegis, sýningin er í og með sett upp í þeim tilgangi. Það er nú einnig til dálítið sem nefnist ættfræði myndverka og er mjög mikilvæg á tímum myndverkafalsana í stórum stíl. Sá er kaupir mynd þarf helst að vita hverjir hafa átt hana alveg frá því að höfundurinn lét hana frá sér fara í upphafi.


Ástæðan til þess að ég tók þá stefnu að halda þessa viðamiklu sýningu er eiginlega mjög persónulegs eðlis, ég var líkt og áttavilltur maður í blindhríð og slíkum líður illa. Afköst mín voru langt fyrir neðan meðallag og ég naut mín hvorki í leik né starfi — út úr þessu ástandi varð ég einhvernveginn að brjótast. Ég hafði fyrirhugað stóra sýningu í Norræna húsinu á sl. ári en það fór á annan veg og varð ég að fá annan listamann á móti mér til að fylla salina og verk mín voru í miklum minnihluta, auk þess var ég ekki fyllilega sáttur við sýninguna. Þetta var í fyrsta skipti á öllum listferli mínum sem ég hef fest mér sal og ekki getað staðið fullkomlega undir nafni. Ég gerði mér ljóst, að til þess að ná mér upp yrði ég að setja mér stærra mark en nokkru sinni fyrr og standa fyllilega við það. Hélt því rakleitt á Kjarvalsstaði og tilkynnti að ég óskaði eftir því að fá húsið allt til leigu að ári. Á leiðinni heim var ég bæði furðu lostinn og svekktur yfir þessari bíræfni minni, en af stað skyldi haldið — í listum liggur engin leið til baka. Nú gildir, að þetta tókst og gott betur. Ég hef haft mikið gagn af því að líta til baka og sjá þessi gömlu átök mín í myndlistinni samankomin á einum stað, af því tel ég mig hafa dregið mikinn lærdóm og er mér hvatning alla möguleika þess sem myndlistarhúss, mér sem öðrum til gagns í framtíðinni. Kanna kosti þess og vankanta hátt og lágt og gefa hússtjórn tækifæri til að draga réttar ályktanir um endurbætur á húsinu. Auk þess vildi ég fá út fjölbreytilega upphengingu, mikið spil andstæðna. Sumstaðar fór ég að viðteknum reglum en annars staðar þverbraut ég þær — þetta var sem sagt gert af ásettu ráði.

Gagnrýnandinn: Má skilja það svo að myndir þínar gangi ekki nógu vel út á almennum markaði og safnist þannig upp í einn ruslabing?

— Nei, ekki aldeilis, segir myndverkasmiðurinn og augnabrúnirnar síga niður á kinnar. Ég tel mig hafa selt meir og betur um dagana en ég mátti búast við, því að ég kem stöðugt fram með eitthvað nýtt, sem kemur fólki á óvart og skelfir suma — uppátæki mín hafa vakið mikla furðu, einkum er ég kom fyrst fram með upphleypta stílinn og þótti mér það mikil undur, að venjulegt fólk kunni betur að meta þetta en margir félagar mínir og ýmsir gagnrýnendur. Ég fór að rýna á hluti allt um kring og leitast við að glæða þá lífi í myndverkum mínum — jafnvel fátæklega og ómerkilega hluti. Á einni sýningu minni í Unuhúsi átti ég t.d. tvær myndir þar sem uppistaðan var nærbuxnastrengur í báðum tilvikum. Mér til undrunar seldust myndirnar eins og skot og telst mér til, að ég hafi fengið sem svarar hálfri milljón í dag fyrir þær samtals. Skyldu þetta ekki vera dýrustu nærbuxnastrengir í allri sögu Íslands? En svo hef ég einnig notað fokdýra hluti í myndir mínar svo að hér var ekki um sparnaðarhugsjón að ræða heldur einungis eðlilega og náttúrulega sköpunargleði. Vísa einnig vinsamlega til þess, að myndir mínar á stóru sýningunni í Norræna húsinu 1977 eru svo til uppurnar, tunnubotnar sem eðalmálmar. Myndafjöldinn stafar af því, að ég kem í fyrsta skipti fram með fjölda mynda á þessari sýningu, stór hluti þeirra hefur legið í geymslum í meira en aldarfjórðung. Ég rak t.d. tærnar í eina kolsvarta plötu uppi til enn nýrri og ferskari átaka. Hef tekið eftir því að fólki líkar þetta framtak vel því að það sér nú loks þróun mína í réttu samhengi.

Gagnrýnandinn: Sumir segja að þú hafir ofhlaðið húsið og að þú hefðir mátt grisja sýninguna og að hún hefði þá komið sterkar út í heild.

— Nei, hér er ekki allskostar rétt ályktað og er vísast komið frá ykkur déskotans gagnrýnendunum, sem að öllu þurfið að finna. Málið er, að er ég sá hve myndafjöldinn var óskaplegur datt mér í hug að nýta möguleika hússins til hins ítrasta til þess að pæla í gegnum



Myndlistargagnrýnandi Morgunblaðsins ræðir við myndverkasmiðinn og kennarann Braga Ásgeirsson.